

## 8. Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði fimmtudaginn 14. Október 2010 klukkan 20:00

Mættir eru: Óskar Þór, Þorsteinn, Anna Kristín, Kristlaug, Kristín, Þorgerður, Sigurður Bjarni, Jóhanna.

1. Styrkveitingar.  
Engin beiðni til stjórnar.
2. Fundurinn með UMFÍ.  
Óskar sagði þeim sem ekki mættu á fundinn með UMFÍ hvað fram hefði komið á fundinum með þeim.
3. Innsend bréf.
  - Fundarboð um sambandsráðsfundinn sem fer fram næstu helgi.
  - Frá ÍSÍ um nýju lög alþingis um happdrætti.
  - Mótþing hjá FRÍ, fer fram sunnudaginn 21. Nóvember 2010.
  - Frá Menntamálaráðuneytinu um rit, Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga, sem að menntamálaráðuneytið ásamt öðrum aðilum er að gefa út.
  - Frá KSÍ þar sem við erum beðin um að taka saman knattspyrnumót sem UMSE hélt síðast liðið sumar.
  - Kom bréf um Felix námskeiðið fyrir sunnan. Steini ætlar að athuga hvort að það sé ekki hægt að fá námskeið norður yfir heiðar.
4. Þjálfaramál.  
Ari bað um að fá föst laun fyrir hvern mánuð. Hann setti fram æfingarplan sem ætti að halda í vetur. Kristín lagði fram að það væri kannski spurning um að frjálsíþróttanefnd, stjórn UMSE og aðildarfélag UMSE setjist niður og ræði aðeins um þjálfaramálin.  
Út frá því spannst umræða um að stofna frjálsíþróttadeild sem að myndi reka sig að mestu leiti sjálf.  
Kristín, Óskar og Þorsteinn ætla að setja niður næsta þriðjudag og punkta niður atriði til að ræða við Ara. Síðan ætla Óskar og Þorsteinn að setjast niður með Ara og ræða málin við hann. Óskar og Þorsteinn ætla að leggjast í málin með launin hans Ara.
5. Aldursflokkamótið.  
Umræða myndaðist hvort að UMSE ætti færa aldursflokkamótið á næsta ári eða að halda það með UFA eins og hefur verið ger, fyrir utan seinasta ár.  
Talið er að ávinningurinn sé meiri með því að halda samstarfi áfram heldur en að slíta því.
6. Önnur mál.
  - Talið barst að verkefninu Blátt áfram, fyrirlesari er að fara í grunnskóla landsins til að tala um misnotkun barna. Sú hugmynd kom um að UMSE komi á fót nefnd sem að mynd sjá um forvarnarstarf í gang hjá félaginu.
  - Þorsteinn ætlar að senda inn styrktarbeiðni vegna gæluverkefnis sem hann er að gera í skólanum. Hann ætlar að fá inn glímupjálfa til að kenna þeim glímu.

Formaður og framkvæmdarstjóri ætla að senda UMFÍ bréf um unglingalandsmótið, af hverju UMSE fékk það ekki.

Næsti fundur ákveðinn 4. Nóvember 2010 klukkan 20:00  
Þorgerður ætlar að koma með veitingar.

Fundi slitið klukkan 22:15

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður